


FLUGMÓDELFÉLAGIÐ

# PYTUR

*Afmælisrit 2000*



**Meðal efnis:**

**Glæsileg Flugmóðelsýning 1999**

**Stórkostleg Flughátíð 2000 - Flugmenn og vélar**

**Eftirminnilegur afmælisfagnaður - Smíði - Flug**

**Tækni - Fræðsla - Félagslíf og ótal margt fleira**



# ..á tímamótum

## ÞYTUR Afmælisrit 2000

Flugmóðelfélagið Þytur var stofnað 1970 og er aðili af Flugmála-félagi Íslands og FAI alþjóðlegum samtökum í móðelflugi.

Helstu markmið félagsins eru að gæta hagsmuna áhugaaðila á fjarstýrðum flugmóðelum og halda uppi kynningu, mótahaldi og kennslu fyrir nýliða á því sviði.

### Í stjórn Þyts 1999-2000 eru:

Guðmundur G. Kristinsson formaður, Jón Erlendsson gjaldkeri, Bóðvar Guðmundsson ritari og Steinþór Agnarsson og Sigurður Júlíusson meðstjórnendur.

Þytur, fréttarit félagsins er gefið út á heimasíðu Flugmóðelfélagsins Þyts [www.thytur.is](http://www.thytur.is). Ritstjóri er Guðmundur G. Kristinsson.

Flugmóðelfélagið Þytur á og rekur tveggja brauta malbikaðan flugvöll og flugstöðvarhús á Hamranesi í Kapelluhrauni í Hafnarfirði.

Símanúmer símsvara Flugmóðelfélagsins Þyts er 5622910 og pósthólf félagsins er 5219, 125 Reykjavík. Heimasíða Þyts er á <http://www.thytur.is>.

Forsíðumynd 30 ára afmælisrits Flugmóðelfélagsins Þyts er tekin í flugstjórnarklefa Mustang P 51 vélar sem Skjöldur Sigurðsson hefur smíðað í 1/4 stærð.



Guðmundur G. Kristinsson formaður Flugmóðelfélagsins Þyts.

Flugmóðelfélagið Þytur var stofnað á árinu 1970 og er því 30 ára á þessu ári. Félagið hefur í gegnum árin verið öflugur bakhjarl þeirra sem smíða og fljúga fjarstýrðum flugmóðelum og vettvangur fyrir fræðslu, félagsstarf og þjálfun á því sviði. Einar Páll Einarsson var formaður Þyts fyrstu átta árin, en faðir hans Einar Pálsson smíðaði fyrstu fjarstýringuna sem flogið var með hér á landi. Móðelið sem flogið var með þessari fyrstu fjarstýringu var sviffuga sem hönnuð var og flogið af Pétri Filipussyni.

Flugmóðelfélagið Þytur stóð fyrir 30 ára afmælisfagnaði 7. mars 2000 og þar voru fjórir félagar gerðir að heiðursfélögum og sérstaka heiðursviðurkenningu fékk eini stofnfélaginn á afmælisfagnaðinum, Jón Pétursson. Tíu aðrir félagar fengu viðurkenningu fyrir framlag til ýmissa þátta í starfi félagsins.

Fyrstu áratuginu var oft flogið við frumlegar og erfiðar aðstæður eða þar til á árunum 1988 til 1990 þegar félagið fékk úthlutað 70.000 fermetra svæði undir flugvöll og flugstöð á Hamranesi í Kapelluhrauni fyrir sunnan Hafnarfjörð. Á nokkrum árum var þar komið upp tveggja brauta malbikuðum flugvelli (opnaður af Matthíasi Á. Mathiesen þáverandi samgönguráðherra 4. júní 1988), þjónustusvæði fyrir þá sem eru að fljúga og glæsilegu flugstöðvarhúsi (opnað 1990). Þetta afrek er ótrúlegt þegar litið er til þess að félagsmenn voru aðeins um eitt hundrað á þessum tíma. Þessi aðstaða er líklega með þeim betri sem til eru í Evrópu. Svæðinu var í upphafi úthlutað til 10 ára og þeim samningi var síðan framlengt á árinu 1999. Hafnarfjarðarbær hefur staðið vel við bakið á Þytsfélögum með viðhaldi á vegum, slætti á flugvallarsvæði og fleiru frá því svæðið var afhent félaginu.

Flugmóðelfélagið Þytur hefur á 30 árum staðið fyrir Íslandsmótum í vél- og sviffugi, séð um framkvæmt á norðurlanda- og heimsmeistarmótum í sviffugi og margir félagsmenn tekið þátt í sambærilegum mótum erlendis. Einnig eru árlega haldin hraðflugsmót, lendingarkeppnir og fjölbreyttar skemmtilegar uppákomur í móðelflugi s.s. hópflug, stangarmarkflug, tímaflug, baunaflug, limbóflug, blöðrumarkflug og fleira.

Nýliðum hefur fjölgað verulega í Þyt undanfarið og m.a. tóku tíu þátt í smíða- og flugnámskeiði á árinu 1999 og annar eins hópur verið í flugnámi á síðasta ári. Mikilvægt er að sinna þessum þætti vel og það hefur ávalt verið forgangsmál í Þyti að sinna vel kennslu og þjálfun nýliða í móðelsmíði- og flugi. Með stuðningi Reykjavíkurborgar fjárfesti Þytur í nokkrum fullkomnum fjarstýringum og kennsluflugmóðelum og býður í dag upp á 8-10 tíma móðelflugnámskeið þar sem reyndir flugmenn kenna. Þeir sem hafa áhuga á að læra móðelflug geta aflað sér frekari upplýsinga á heimasíðu félagsins [www.thytur.is](http://www.thytur.is).

Flestir félagsmenn í Flugmóðelfélaginu Þyti bæði smíða og fljúga sínum flugmóðelum, en síðustu árin hefur framboð á tilbúnum flugmóðelum aukist verulega. Þetta hefur auðveldað þeim sem vilja einbeita sér að fluginu að sinna áhugamáli sínu. Stærri flugmóðelum hefur fjölgað verulega og sérstaklega véllum í 1/4 og 1/3 stærð af raunverulegum flugvéllum.

Tækjabúnaður sá sem notaður er fyrir móðelflug hefur batnað verulega tæknilega og er nú svo komið að flestir nota tölvustýrðar fjarstýringar sem hafa ótrúlega fjölbreytta möguleika til að stilla rafmótora þá sem stjórna stýriflötum flugmóðelanna.

Nokkrir aðilar í Flugmóðelfélaginu Þyti hafa í gegnum árin verið í sérflokki varðandi smíði á "skalamóðelum" og hægt var að sjá marga af þessum dýrgripum á flugmóðelsýningu sem haldin var í Kolaportinu á árinu 1999.

Afmælisárið 2000 var viðburðarríkt og fyrir utan afmælisfagnaðinn 7. mars var haldinn glæsileg flughátíð á Hamranesi þann 25. júní og 10 félagsmenn fóru í eftirminnilega hópferð til Corsford í Englandi á risaflugkomu LMA.

Á þessum tímamótum er við hæfi að þakka frumkvöðlunum í félaginu sem lagt hafa grunn að því glæsilega umhverfi sem áhugafólk á fjarstýrðum flugmóðelum býr við og nýtur í dag. Þeir sem eru að koma nýir inn í þetta stórkostlega áhugamál í dag njóta þess að byrja við bestu fáanlegar aðstæður, þökk sé frumkvöðlunum.

Guðmundur G. Kristinsson  
formaður Flugmóðelfélagsins Þyts.


# GLÆSILEG MÓDELSÝNING



Vinsælasti staðurinn á flugmódeleysýningunni var að sjálfsögðu við flughermana.

Flugmódelefélagið Þyur, Flugmódelefélag Suðurnesja og Flugmódelefélag Akureyrar tóku ákvörðun um að standa sameiginlega að flugmódeleysýningu á árinu 1999. Þar átti að vera með ný módel, módel í smíðum og notuð módel af öllum gerðum og stærðum. Einnig að hafa smíðaherbergi þar sem unnið væri að smíði flugmódele, flugherma þar sem hægt væri að prófa að fljúga flugmódeli, lifandi myndasýningar frá módeleflugi vítt

og breitt úr heiminum, kynningu á námskeiðahaldi í módele smíði og flugi og ýmis fyrirtæki í flugi áttu að kynna þar



F15

1. sæti yfir athyglisverðustu smíðina



Douglas C 47 - 1. sæti yfir besta flugmódelelið

starfsemi sýna. Tilgangurinn með sýningunni væri að kynna þetta skemmtilega sport fyrir almenningi og markmiðið að fjölga verulega nýjum aðilum með fjarstýrð flugmódel á næstu árum.

Samþykkt var að selja inn á sýninguna og veita vegleg peningaverðlaun fyrir



Skjöldur Sigurðsson við Mustang sem varð í 3. sæti yfir besta módelelið

fyrstu þrjú sætin í kjöri um besta flugmódelelið 1999 (kr. 25.000 fyrir 1. sæti, kr. 15.000 fyrir 2. sæti og kr. 10.000 fyrir þriðja sæti) og viðurkenningu fyrir fyrstu þrjú sætin í flokknum áhugaverðasta flugmódele smíðin 1999. Þegar einn góður módelemaður fékk kynningarbréfið um sýninguna hafði hann á orði að þetta hlyti að vera erlend sýning, því svo ótrúleg fannst honum peningaverðlaunin sem í boði voru. Fulltrúar félaganna í undirbúnings- og framkvæmdanefnd sýningarinnar voru Guðmundur G. Kristinsson fyrir Flugmódelefélagið Þyt, Sverrir Gunnlaugsson fyrir Flugmódelefélag Suður-



Citabria

2. sæti yfir besta flugmódelelið

nesja og Baldvin Stefánsson fyrir Flugmódelefélag Akureyrar.

Sent var kynningarbréf til allra félagsmanna í þessum þremur félögum til að fá viðbrögð í þátttöku og svörun til að byrja með var dræm. Nefndarmenn höfðu töluverðar áhyggjur af þessu, en síðustu dagana fyrir sýningu kom í ljós

að fjöldi móðela var það mikill, að hætta varð við smíðaherbergi sem ætlað var að gefa sýnishorn af því umhverfi sem flugmóðelfólk notar í sínu tómstundastarfi.



**Gunnar Jónsson hefur náð ótrúlegum smátriðum í þessari fallegu Citabriu.**

Sýningin var síðan haldin 12.-13. júní 1999 og fengin aðstaða undir hana í Kolaportinu. Á sýningunni var hægt að



**Lítið á gluggatjöldin í farþegarýminu á Douglas C47 vél Skjaldar Sigurðssonar.**

fljúga í flughermum og þar gat “ungt” áhugafólk prófað að fljúga flugmóðeli í



**Margar vélar voru hreint ótrúlegar í smátriðum eins og sést vel á mælaborðinu í þessum Mustang P51.**

tölvu. Einnig var í gangi báða sýningardagana myndasýning í sjónvarpi þar sem blandað var saman íslensku efni frá Hamranesflugvelli sem Böðvar Guðmundsson hefur safnað saman og

skemmtilegum erlendum kynningarmyndum.

Þegar upp var staðið bárust um 50 flugmóðel, flest fullkláruð og nokkur sem voru í smíðum. Því miður barst ekkert flugmóðel frá Flugmóðelfélagi Akureyrar og má líklega um kenna fjarlægð og



**Fallegt handbragð sem Skjöldur Sigurðsson ber ábyrgð á.**

kostnaði við flutning. Það vakti athygli hversu mikið barst af stórum og glæsilegum flugmóðelum og greinilegt að



**Nokkrir Piper Cup og aðeins sést í tveggja hreyfla Beecraft Baron vélin sem varð í 3. sæti í athyglisverðustu smíðinni.**

mikil virkni hefur verið í þessu skemmtilega umhverfi okkar flugmóðelmanna. Margir voru með nokkurn fjölda móðela og þar má nefna t.d. Skjöld Sigurðsson og Pétur Hjámarsson sem voru með sex

vélar hvor. Aðsókn að sýningunni var um 800 manns þá tvo daga sem hún stóð yfir og vakti hún mikla athygli. Björgúlfur Þorsteinsson frá Flugmóðelfélaginu Þyti var í viðtali á Rás 2 á föstudeginum og Pétur Hjámarsson talaði inn á skemmtilegar útvarpsauglýsingar sem birtar voru á nokkrum útvarpsstöðvum báða sýningardagana.

## BESTA FLUGMÓÐELIÐ

Mikil og góð þátttaka var í kjöri gesta um besta flugmóðelið og athyglisverðustu smíðina 1999 og skiluðu flestir sýningargestir inn seðli með vali í þessum



**Flugmenn á Jökli, farþegavél Loftleiða ræða málin fyrir flugtak. Þessi mynd er tekin af Douglas C47 vél Skjaldar Sigurðssonar.**

tveimur flokkum. Úrslitin voru nokkuð afgerandi og besta flugmóðelið 1999 var



**Kristján, Böðvar og Birgir ræða flugmálin á sýningunni, en þeir áttu allir sýningarvélar á staðnum.**

kosið hin glæsilega Douglas C47 vél Skjaldar Sigurðssonar í Flugmódel-félaginu Þyti sem búin er tveimur Quadra



Stinger frá Kristjáni Antons og Cessna frá Birgi Sigurðssyni.

40 bensínmótorum og vænghaf upp á 3.60 metra. Í öðru sæti varð falleg Citabria í ¼ skala í eigu Gunnars Jóns-



Fallegur og vel smíðaður Ultimate frá Skyldi Sigurðssyni

sonar úr Flugmódel-félaginu Þyti og í þriðja sæti varð frábærlega smíðaður Mustang P51 Skjaldar Sigurðssonar með 3W-80 línumótor og vænghaf upp á 2.59 metra. Skjöldur Sigurðsson átti því vélar í fyrsta og þriðja sæti og tók við verð-



Fokker DR1 frá Þreisti Sigurðssyni og PT 19 frá Péttri Hjálmarssyni.

launum upp á kr. 35.000. F 15 þota Péturs Hjálmarssonar úr Flugmódel-félaginu Þyti með tveimur mótorum og vænghaf upp á 1.80 metra varð í fyrsta sæti yfir bestu smíðina 1999, Douglas C47 vél Skjaldar

varð í öðru sæti og í þriðja sæti varð fallegur tveggja hreyfla Beechcraft Baron 58B með tveimur OS 46 fx mótorum og vænghaf upp á 1.79 metra í eigu Magnúsar Kristinssonar frá Flugmódel-félagi Suðurnesja.

Sumir voru vantrúaðir á aðsókn þar sem greiða þurfti fyrir aðgang, en sýningin skilaði þökkalegum hagnaði.



Tvær fallegar Sukhoi vélar.



Robin 2000 frá Guðna Sveinssyni í Flugmódel-félagi Suðurnesja.



Sukhoi frá Guðmundi Jónssyni og Laser frá Einari Jóhannessyni.

# EINSTÖK OG FALLEG LISTAVERK



# Eftirminnilegur AFMÆLISFAGNAÐUR

Sérstakur afmælisfagnaður í tilefni 30 ára afmælis Pyts og 10 ára afmælis flugstöðvar á Hamranesi, var haldinn 7. mars 2000 á Gaflinum í Hafnarfirði. Þar

ingar. Í undirbúningsnefnd fyrir afmælisfagnaðinn voru Steinþór Agnarsson og Sigurður Júlíusson og veislustjóri var Björgúlfur Þorsteinsson. Þeim eru þökkúð vel unnin störf við undirbúning að þessum skemmtilega afmælisfagnaði.

mála fengu Ágúst Bjarnason og Pétur Hjálmarsson, viðurkenningu fyrir framlag til svifflugs fengu Frímann Frímannsson og Hannes S. Kristinsson, viðurkenningu fyrir framlag til fræðslu fékk Kristján Antonsson, viðurkenningu



10 aðilar sérstaka fengu viðurkenningu.



Fjórir heiðursfélagar ásamt formanni.

voru fjórir nýir heiðursfélagar heiðraðir og margir félagar sem tekið hafa þátt í 30 ára starfi félagsins fengu viðurkenn-



## FJÓRIR SEM SETT HAFU SVIP Á FÉLAGIÐ.

Ólafur Sverrisson, Skjöldur Sigurðsson, Birgir Sigurðsson og Jón Pétursson.

Þeir sem fengu afhentan heiðurs-skjöld voru Ólafur Sverrisson, Axel Sölvason, Ásgeir Long og Birgir Sigurðsson. Sérstaka heiðursviðurkenningu fékk eini stofnfélaginn á afmælisfagnaðinum, Jón Pétursson. Viðurkenningu fyrir framlag til félags-

fyrir framlag til tækni fékk Rafn Thorarinsen, viðurkenningu fyrir framlag til Flugmálafélagsins fékk Björgúlfur Þorsteinsson, viðurkenningu fyrir framlag til módelsmíði fékk Skjöldur Sigurðsson, viðurkenningu fyrir framlag til heimasíðu fékk Arnar B. Vignisson og

viðurkenningu fyrir framlag til árangurs í flugi fékk *Böðvar Guðmundsson*.

Afmælisfagnaðurinn þótti takast með afbrigðum vel og mættu yfir 50 manns og nutu þess að taka þátt í skemmtilegri kvöldstund. Hljómsveitin Balsabandið var aðalskemmtiatriði kvöldsins, en meirihluti hennar situr í stjórn félagsins og allir eru þeir virkir módelmenn. Einnig sungu tvær klassískar söngkonur nokkur lög og þóttu þær setja svip á kvöldið.



**Flugmódelmenn af Suðurnesjum mættu líka á afmælisfagnaðinn.**



# STÓRKOSTLEG FLUGHÁTÍÐ



**Flugmódel, flugvélar  
mótordrekar og fullt af  
fólki í góðu skapi  
á 30 ára afmælis-  
flughátíð Þyts**

Glæsileg flughátíð var haldin á Hamranesflugvelli sunnudaginn 25. júní 2000 í tilefni 30 ára afmælis Flugmódel-félagsins Þyts og 10 ára afmælis flugstöðvarinnar. Flugmódel-félagið Þytur var með glæsilega flughátíð á árinu 1992 og til að nýta reynsluna frá þeirri hátíð var ákveðið að fara þess á leit að sömu aðilar hefðu umsjón með afmælis-hátíðinni á þessu ári.

Böðvar Guðmundsson tók að sér að vera fulltrúi stjórnar Þyts og formaður nefndarinnar og með honum voru skipaðir í nefndina Ágúst H. Bjarnason, Kristján Antonsson, Ólafur Sverrisson, Axel Sölvason og Ásgeir Long, sem allir voru í flughátíðarnefndinni 1992. Nefndin hóf störf í byrjun árs 2000 og skipti með sér verkum í undirbúningsvinnunni.

Ákveðið var að gera eithvað sem vektu athygli á sýningunni og 23. júní 2000 var sett heimsmet í módelflugum undir sjávarmáli í Hvalfjarðargöngunum, en því miður tókst ekki að fljúga alla leið í gegn. Langflug frá Hamranesflugvelli til

Hellu á ¼ stærð af Piper Cup endaði með "flugslysi" í Svínahrauni við Litlu kaffistofuna. Þessar uppákomur skiluðu góðri umfjöllun í sjónvarpi og útvarpi. Í báðum þessum tilfellum var notast við módel frá Böðvari Guðmundssyni sem hann flaug sjálfur.

verið ráð fyrir síendurtekinni tveggja tíma dagskrá sem staði yfir til kl. 16:00. Allan daginn var í gangi módelflug af ýmsu tagi, svifflug með spili og uppdrætti vélflugvéla og þess á milli blandaðist inn í dagskrána yfirflug flugvéla í fullri stærð af ýmsum gerðum.



Eins og sést á þessari mynd fór vel um gestina og þeir stoppuðu flestir lengi við.

Veðrið á hátíðardaginn, sunnudaginn 25. júní var frábært og stemmningin góð. Fólk tók að streyma að svæðinu strax um kl. 11.00 þegar það var opnað. Gert hafði

Strax á fyrsta klukkutímanum lenti Ottó Tynes á Piper Cup í fullri stærð á svæðinu og einnig komu í heimsókn nokkrir mótórsvifdrekar. Áhrifamikið yfirflug Fokker vélar frá Flugleiðum vakti mikla athygli og Ágúst H. Bjarnason gleymir líklega seint yfirflugi Douglas DC3 vélarinnar Páll Sveinsson.

Björn Thorodsen kom á Pittsinum og var með fallett og glæsilegt listflug og í byrjun kom hann í samflugi með Douglas DC3 Páli Sveinssyni.

Áhrifamesta uppákomun var líklega samflug þriggja Piper Cup flugvéla, en þar voru á ferðinni Otto Tynes á vél í fullri stærð, Skjöldur Sigurðsson á vél í 1/3

stærð og Sturla Snorrason á vél í ¼ stærð. Þessari stórkostlegu uppákomu munu þeir sem sáu seint gleyma.

Mjög margir sýndu módelistflug og má þar nefna Rafn með ¼ stærð af Extru með reykþúnaði, Björgúlf með Extru og Tiger Mouth með reykþúnaði, Guðmund Jónsson með Sukoi, Steven með Ryan og Cap, Kristján með Stinger og Skybolt, Jón Pétursson með Extru, Reynir með Ultra Sport, Steinþór með Comet og Sukoi, Þröstur með Majestik, Guðmund G. Kristinsson með Magnum 60 og síðast en ekki síst frábær tilþrif hjá Jóni Erlenssyni á módelþyrilu. Margar aðrar fallegar módelvélar fóru í loftið og má þar nefna Big Lift, Citabriu, SP10 svifflugu með 5 metra vænghaf, AFK 23 svifflugu með 3.5 metra vænghaf, Super Cup, Big Stik og Frímann feðgana, Hannes og fleiri sem voru allan daginn á fullu með ýmsar gerðir af svifflugum.

Mikill fjöldi flugmódelar barst á staðinn til sýningar og sumir voru með ótrúlegan



**Tvær Piper Cup vélar, önnur í fullri stærð og hin í 1/3 stærð.**

fjöldi fallygra véla s.s. Skjöldur Sigurðsson með Mustang, Piper Cup, Ultimate og nokkrar fleiri. Birgir Sigurðsson mætti með Cessnu 180, Super Cup, Messerschmith og Starduster. Jón Pétursson var með Extru, Suprafly og Calm og Pétur Hjálmarsson kom með Laser, F15 og



**Kristján Antonsson með raftíðnitöfluna og fólk í baksýn.**

Piper Cup. Margir aðrir módelmenn voru með fallega gullmola sem gaman var að skoða.

Sigurður Júlíusson stýrði veitinga-söluinni með miklum brag og naut þar aðstoðar sinnar eiginkonu og eiginkvenna Guðmundar formanns Þyts og Böðvars formanns hátíðarnefndarinnar. Boðið var upp á pylsur, vöffur, sælgæti og fleira og mæltist þetta vel fyrir hjá gestum og þátttakendum. Eftir hátíðina var slegið upp grillveislu fyrir félagsmenn í Þyt og var vel mætt í hana. Sturla Snorrason var farinn, en kom aftur í grillveisluna á flugvél sinni í fullri stærð TF LÓA sem hann lenti á vellinum.

Dregið var á klukkutíma fresti í happdrætti og voru allir vinningar flugkennsla í streng í umsjón Guðmundar G. Kristinssonar formanns Þyts. Það voru fimm ungir flugmenn á aldrinum 7-15

ára sem fengu að prófa módelflug, en kennt var á kennsluföllum og fjarstýringu í eigu Flugskóla Flugmódelfélagsins Þyts.

Talið er að á annað þúsund gestir hafi heimsótt hátíðina og öll framkvæmd var



**Steven og Richard gera vél klára fyrir listflug á flughátíðinni.**

einstaklega vel skipulögð og vel útfærð. Öryggi var í fyrirrúmi og notast var við sérstaka raftíðnitöflu sem skannar allar tíðnir sem notaðar eru í loftinu á hverjum tíma. Engin vél lenti í óhappi sem fyrst og fremst má þakka því öryggi sem viðhaft var, vel frágengnum flugmódelum og traustum flugmönnum. Hafnarfjarðarbær, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Hjálparveit skáta í Hafnarfirði eiga þakkar skilið fyrir aðstoðina.

Þegar litið er til þess að um 60 módel voru á staðnum og um þriðjungur af þeim stærri vélar, glæsilegar aðstöðu á Hamranesi og sex klukkutíma flugsýningar má setja flugmódelfélagið Þyt við hliðina á stærstu og virkustu flugmódelklúbbum í Evrópu. Félagsmenn geta verið stoltir af þessari glæsilegu 30 ára afmælisflughátíð og framkvæmdanefndarmenn með Böðvar Guðmundsson fremstan í flokki eiga mikið og gott hrós skilið.



**Hér sést hluti af þeim mikla fjöldi flugmódel sem var til sýnis.**

# ÓTRÚLEG UPPLIFUN

## Félagar úr Flugmóðelfélaginu Þyti fóru á flugsýningu LMA í Corsford á Englandi

Níu félagar í Flugmóðelfélaginu Þyti og einn frá Flugmóðelfélagi Akureyrar fóru dagana 14.-17. júlí á árlega flugkomu LMA sem haldin er í Corsford á Eglandi.

Greinarhöfundar  
Gunnar Jónsson og  
Guðmundur G.  
Kristinsson



Skjöldur Sigurðsson með Steve Holland sem lék miklar listir með þessari gullfallegu Gee Bee.

Flugið var með Go flugfélaginu frá Keflavík kl. 2 að nóttu föstudaginn 14. júlí og lent í London um um kl. 06:20 að staðartíma. Þar tók á móti hópnum bílstjóri með 12 manna Transit rútu sem ók hópnum til Corsford og tók sú ferð um fjóra klukkutíma.

Hótelid sem gist var á er 250 ára gamalt og enginn var við þegar mætt á staðinn. Meðan verið var að ná sambandi við þjónustufólk gistihússins bar að unga konu með litla telpu og er hún gekk framhjá norrænu vikingunum sagði hún (og brosti breitt) *“þið ætlið þó ekki að gista í þessu draugabæli”*. Er okkur hafði verið boðið inn kom í ljós að eigendur hótelsins voru ekki við vegna andláts nákomins ættingja. En allt fór þetta vel, allir fengu herbergi og ákveðið var að leggja sig stutta stund. Öllum leið vel eftir ferðalagið og flestir höfðu líka lagt sig á leiðinni.

Samið hafði verið við leigubílastöð um fast verð á akstri út að sýningar-svæðinu sem átti að vera 6 pund. Þegar komið var á staðinn kostaði bílinn 12 pund og var ekkert við því að gera.

Við komuna á sýningarsvæðið stöðvaði okkur maður með kúrekahatt og sagði að *“the Icelandic group”* mætti fara að sýningar-

svæðinu (Skjöldur var í fyrri bílnum og hafði greinilega verið búinn að tala við einhvern). Leigubílstjórinn vissi ekki um rétta leið og við höfnuðum að lokum í varðhliði svæðisins sem er einnig herstöð. Þar komu tveir dátar með byssur og varð okkur þá ekki um sel, en fararstjórinn reif niður rúðuna og mælti á enska tungu að hér væri á ferð *“the Icelandic group”*. Var okkur þá snúið við og vísað rétta leið.

Það voru margir gæslumenn við innganginn á svæðið og stöðvuðu þeir blástakkana með derhúfurnar merktar Flugmóðelfélaginu Þyti. Skjöldur sem hafði fengið viðurnefnið *“verndari hópsins”* veifaði þá pappaspjaldi sem rífið hafði verið af bjórkassa, en á það var ritað að okkur væri heimil innganga í boði LMA undirskrifað af forseta samtakanna. Með þessu góða bjórplaggi stóðu okkur öll hlið opin.

Það var mjög gaman að upplifa hversu vel var tekið á móti hópnum af öllum



Guðmundur G. Kristinsson formaður Þyts og Skjöldur Sigurðsson fyrsti LMA félagi Þyts afhenda forseta LMA myndband frá 30 ára afmælisflugsýningu Þyts sem þakklætisvott fyrir góðar móttökur.

innan LMA. Var greinilegt að menn voru hrifnir af þessu framtaki okkar að mæta á sýningu. Við fengum að vera viðstaddir samsetningu á B-17 fjögurra hreyfla fljúgandi virki sem er um sjö metrar í vænghaf. Það var ótrúlegt að sjá hvað þessi vél var vel smíðuð og vel gengið frá öllum búnaði í henni. Á laugardeginum sáum við svo þessa gríðarlegu stóru vél fljúga í samflugi með þremur öðrum jafnstórum vélum af sömu gerð. Einhvern hafði líklega dreymt um að sjá eina svona vél fljúga, en fjórar saman í lágflugi var ótrúlegt að sjá. Hljóðið í 16 stórum bensínmótörum, þessi ógnvænlega stærð vélanna og fjöldi, gerði þessa



Þessi De Haviland Rabide var í nokkur ár í farþegaflugi hér á landi.

upplifun nánast að helgistund fyrir okkur meðlimi "the Icelandic group".

Áður en við fórum af svæðinu var eigandinn af Glenn models að fljúga nýrri



Þessi Beercat er með 14 strokka heimasmiðaðan stjórnunmótör og skiptiskrúfu.

Cap vél í 1/3 stærð og þar sáum við eitt stórkostlegasta listflug á móteli fyrr og síðar. Hann parkeraði vélinni í loftinu, kastaði stélinu 180 gráður og flaug síðan til baka. Einnig hengdi hann vélina á skrúfuna, sneri búknun rólekan snúning og lyfti vélinni upp og niður. Karl Hamilton keypti þetta kit og verður gaman að sjá hana fljúga heima.

Við fórum síðan til baka eftir að hafa eitt föstudeginum við að dáðst að falletum móteli, en þetta var dagur samsetninga og prófana á svæðinu. Tekin var smá pása á barnum og farið síðan yfir götuna í mat. Snæddur var góður matur nema maisstöngin hans Björgúlfs þótti gömul og kryddlogarnir stóðu út úr Guðmundi, formanninum okkar.

Á laugardagsmorgninum fórum við af stað út á sýningarsvæði kl. 10:30 og er við komum þangað átti aðgangseyririnn að vera 7 pund á mann, en þar sem "the Icelandic group" var á ferðinn borguðum við bara 5 pund á mann. Allt var á fullu á svæðinu þegar við komum, einar fimm vélar í loftinu og mörg móteli höfðu bæst við á rampinn frá því deginum áður. Segja má að þessi dagur hafi verið alsæla fyrir



Stjórnarformaðurinn lék á alls oddi í lokahófi LMA á laugardagskvöldinu.

okkur mótéláhugamennina úr norðrinu og aðein urðu tvær brotlendingar þennan daginn og önnur áður en við komum. Þota sem búið var að fljúga af mikilli list og gríðarlegum hraða hvarf sjónum í lágflugi



Björgúlfur Þorsteinsson fékk kampa-vinsorduna fyrir góða fararstjórn.

á bak við sölutjald og hljóðið frá henni þagnaði skyndilega. Þegar komið var fram fyrir sölutjaldið var aðeins lítil hrúga af smáhlutum á brautinni. Talið var að einhver hefði kveikt á sendi með sömu tíðni (synd).

Dagurinn leið fljót í nánd við allt þetta augnakonfekt flugmótelmansins. Þarna á svæðinu voru margar mótelverslanir (sölutjöld) og þar var gríðarlega mikið og margt fallet að sjá. Björgúlfur og Skjöldur spjölluðu mikið við Steve Holland, en hann er talinn einn besti mótelflugmaður í Evrópu. Hann var með rauða tveggja hreyfla De Haviland vél í ½ stærð og einnig gullfallega Gee Bee vél sem hann flaug fallega og tignarlega. Þessi ljúfi félagi okkar í faginu taldi góðar

líkur á því að hann væri tilbúinn að heimsækja okkur til Íslands með þessar stórkostlegu vélar. Mótelmenn á Íslandi þurfa að taka höndum saman og láta þetta verða að veruleika.

Klukkan sjö var slegið upp mikilli grillveislu í stóru veitingatjaldi og grillaðu gestirnir sjálfir kjöt sem þeir fengu í hendur ríflega útilátið. Mikil stemming var í grillveislunni eftir að máltíð lauk og spilaði ungur maður þar á hljómborð og söng með. Stjórnarformaður LMA sem er á sjötugs aldri og er með doktorgráðu í lækisfræði, kom að borðinu til okkar elskulegu að vanda, en hann gerði stutt stopp þar sem hann



Steve Holland við 1/2 skala De Haviland ásamt nokkrum góðum Þytsfélögum.

sagðist þurfa að sinna smáverkefni. Stuttu síðar heyrðust hláturssköll því inn í tjaldið kom fánaberi með fána LMA og á eftir honum kom stjórnarformaðurinn í gerfi páfa. Gengu þeir á svið og upphófu



Það var mikið skálað og margar ræður fluttar við síðustu kvöldmáltíðina.

þar mikinn leikþátt þar sem beðið var blessunar yfir mótelflugi og þeim sem að því standa. Kallaði hann m.a. á sviðið okkur í "the Icelandic Group" og urðum við að falla að fótum hans og kyssa hring á hendi. Síðan blessaði hann okkur og að því loknu kom fánaberrinn og færði okkur að gjöf drykkjarmál merkt LMA. Vakti þetta mikla kátínu veislugesta og okkur var síðan stillt upp í myndatöku, öllum nýfrelsuðum. Er við fórum að ræða heimferð um klukkan ellefu eftir þetta mikla stuðkvöld, kom í ljós að engir leigubílar voru fánlegir þar sem ekkert næturlíf virðist vera þarna þó á laugardegi væri (stórundarlegt mál).

Björgúlfur skrapp þá aftur inn í grilltjaldið og fékk einn hressan mótel-



**Haukur Páll Guðmundsson (formanns) krípur hér hjá Sukhoi í 1/1,8 skala. Þessari stóru vél var flogið í gríðarlega fallegu listflugi og er hún búin reykþúnaði.**

mann til að aka okkur í stórum sendibíl á næstu lestarstöð þar sem við tókum síðan lestina til Wellington á miðnætti. Samferða okkur í lestinni var hippapar sem átti eftir að aðstoða okkur við að komast frá lestarstöðinni í Wellington og heim á hótél. Hefði einhverjum ekki þótt gáfulegt að láta þetta grunsamlega fólk leiða sig um myrk skuggahverfi í útlöndum, en þetta reyndist öndvegisfólk og skiluðu þau okkur áleiðis heim á hótél. Þau mættu síðan á krána okkar á sunnudagskvöldinu og voru greinilega fastagestir þar.

Pétur okkar Hjálmarsson ræddi það á laugardeginum hvað fengist með því að ganga í LMA, en þá skráðu Guðmundur formaður og Björgúlfur sig í samtökin. Skjöldur sem hafði verið tilnefndur sem fyrsti forseti LMA deildar Þyts reyndi að útskýra hvað þarna væri á ferðinni, en hafði ekki erindi sem erfiði. Eftir hófið á laugardagskvöldinu þar sem Pétur fékk að kyssa á hring stjórnarformanns LMA, var hann fyrsti maður á sunnudeginum til að skrá sig í samtökin. Samkvæmt fréttum hafði hann ekki enn farið úr LMA bolnum þegar þetta var sett á blað.

Á sunnudeginum var farið af stað um klukkan ellefu út á sýningarsvæði. Þegar við komum þangað hafði gullfalleg Neptun vél hrapað og botnað í smátt. Einhver úr hópnum hafði séð þá eiga í basli með annan mótórinn daginn áður. Tvíþekja hafði einnig brotlent um morguninn. Vedrið á sunnudeginum var mjög gott, mikill hiti, sól og blíða. Björgúlfur fékk leyfi fyrir hópinn til að fara inn á öryggisvæði þar sem módel og flugmenn máttu eingöngu vera, til að taka myndir og viðtöl. Í einu flugatriðinu voru



**Sjúkraflugvél sem notuð var til að flytja særða hermenn í stríði.**



**Ekki er vitað um nafn á þessari, en hún er mjög sérstök í útliti.**



**Hér sjáum við eina af fjórum B-17 fljúgandi virki sem flugu samflug báða sýningardagana. Þessi vél er með vænghaf hátt í sjö metra.**

í loftinu 12 vélar, allar úr fyrri heimstyrjöldinni. Það var sem ský drægi fyrir sólu þegar þær geystust um loftið.

Þegar Gunnar og Jón urðu þreyttir á að horfa upp í loftið fóru þeir að versla. Á meðan var allt á ferð og flugi í loftinu og mikill vélardynur frá fimm Spitfire vélum var skyndilega rofinn með háum hveli. Þeir ruku út fyrir tjaldskörina í einu sölutjaldinu, rétt nógu snemma til að sjá aðra Spitfire vélina af tveimur splundrast eftir árekstur og vænginn af hinni svífa rólega til jarðar. Önnur vélin virtist vera heil, stefndi beint til jarðar úr mikill hæð og skall niður á steypa flugbrautina og splundraðist. Þarna fóru fallegir gripir og var ekki laust við að fundið væri til hluttekningar með Liverpool flokknum sem stóð fyrir hópflugi þessara fimm Spitfire véla. Þetta var sem betur fer síðasta fórnin á helginni.

Á föstudeginum sáum við Beercat vél sem búin var fjórtán strokka heimasmiðuðum stjörnumótór og stillanlegri skiptiskrúfu. Þessi búnaður heillaði okkur íslendingana og þegar við spjölluðum við eigandann kom í ljós að því miður mundi vélin ekki fljúga þessa helgi, en hann sagðist setja mótórinn í gang eftir að sýningunni lyki um kvöldið. Við mættum í gangsetninguna og það var ótrúlegt að sjá þennan fjórtán strokka mótór leka í gang og heyra hvað gangurinn var mjúkur.

Margar fallegar stórar, litlar, hæg- og hraðfluygar, kraftlitlar og kraftmiklar flugu um loftið þennan fallega sunnudag og orð fá varla lýst stemmningunni sem þarna var verið að upplifa. Guðmundur G. Kristinnsson formaður Þyts og Pétur Hjálmarsson voru sem betur fer með vídeóupptökvélar og ósparir við að mynda. Það er því tilhlökkunarefni að geta rifjað upp þessar ánægjustundir á

köldum vetrarkvöldum með vídeóspólu.

Klukkan fimm lauk þessari glæsilegu sýningu og var það mál manna að verði hópurinn okkar ekki tilbúinn með sýningarhæfan flugflota og hæfa flugmenn á sumri komanda, þá sé betra heima setið. Mörg orð féllu um að tómhentir kæmum við ekki aftur.

Við hittum forseta LMA við slitin á þessari glæsilegu flugmódel-sýningu og afhentum honum vídeóspólu frá 30 ára afmælisflugkomu Flugmóðelfélagsins Þyts í þakklætisskyni fyrir ótrúlegar móttökur á okkar hópi og stórglæsilega sýningu.

Þegar allir í hópnum komu saman á svæðinu um klukkan sex þennan lokadag kom í ljós að einn vantaði í hópinn. Þorgeir Pétur hafði farið að skoða forn bíla og flugsafn sem einnig er þarna á svæðinu og farið á mis við okkur. Leitarsveit frá LMA fann hann ekki og leit ekki heldur þegar við ókum um svæðið með LMA mönnum. Vorum við orðnir allkvíðnir þegar hann kom labbandi í rólegheitum og furðaði sig á öllum þessum látum. Við fórum síðan með leigubílum á hótelið og um kvöldið fórum við á veitingahúsið Brúarsmiðinn þar sem við fengum afbragðsmat.

Á mánudag var vaknað snemma og ekið til Hendon þar sem skoðað var stærsta flugsafn í Bretlandi. Að sjá öll módelin á LMA sýningunni í fullri stærð fullkomnaði helgina og gerði heim-sókninni á LMA sýninguna að enn meiri viðburði en annars hefði verið. Við fórum í "Dog fighting" í flughermi og sáum stórkostlega myndasýningu frá seinni heimstyrjöldinni, þar sem notast var við þrjú sýningartjöld og ljós sem kveikt voru í og undir þýsku og bresku hervélunum sem voru í fullri stærð á gólfinu í safninu.

Eftir þennan viðburðarríka dag fórum við út á flugvöll þar sem við sátum saman og borðuðum síðustu kvöldmáltíðina í ferðinni. Mikið var flutt af ræðum og menn lýstu þessari skemmtilegu helgi sem stórvíðburði. Einn tók svo djúpt í árina að hann gæti hugsað sér að skilja við konuna, en aldrei við flugmódelin sín.

Guðmundur G. Kristinsson þakkaði Björgúlfi fyrir þá miklu vinnu sem hann hafði lagt í að undirbúa ferðina og

alúðlega fararstjórn í ferðinni sjálfri. Björgúlfur fékk afhenta kampavins-orðuna sem var ein æðsta viðurkenning sem veitt var fyrir hugþrýði í fyrri heimsstyrjöldinni. Einnig þakkaði hann Skildi Sigurðssyni og Steve (sem ekki var með í þessari ferð) fyrir að hafa undirbúið jarðveginn hjá LMA jafnvel og raun bar vitni.

Búið er að stilla upp óskalista á vélum sem gaman væri að fara með til Corsford seinna meir. Þar eru til dæmis Douglas C 47 og 1/4 Mustang sem Skjöldur Sigurðsson hefur smíðað, Citabria sem Gunnar Jónsson hefur smíðað,

Starduster Jóns Péturssonar og gullfalleg Cessna 180 sem Birgis Sigurðsson hefur smíðað og flogið. Þessar vélar voru allar ofarlega á lista yfir besta flugmódelið á flugmódel-sýningunni á árinu 1999.

Undirbúningur fyrir þátttöku á næsta ári þarf að fara snemma af stað og afa þarf tekna til að standa undir sameiginlegum flutningskostnaði módelna yfir hafið og til Corsford. Vonandi stækkar hópurinn sem þá kemur með, en allir áhugamenn um módelflug ættu að setja það í forgang að fara á LMA sýninguna í Corsford, hún er sannarlega þess virði.



Fallegur Cap.



Douglas DC3 í 1/4 stærð



Skemmtilegir tvíbúrar.



Slappað af í góða veðrinu.



Þessi hefur líklega einhverntíman sett hraðamet í flugi.

# FLUGMENN, OG FLUGVÉLAR



Comet - Steinþór Agnarsson



Spitfire - Skjöldur Sigurðsson



Big Stick 300 - Sverrir



Extra 300 - Björgúlfur Þorsteinsson



Majestic - Þröstur Gylfason



Extra 300 - Jón Pétursson



Texan - Þröstur Gylfason



Catalina - Sturla Snorrason



Sukoi - Steinþór Agnarsson



Piper Cup 1/3 - Skjöldur Sigurðsson



SE5 - Skjöldur Sigurðsson



Big Lift - Rafn Thorodsen

# FLUGMENN, OG FLUGVÉLAR



Trainer - Ólafur Guðmundsson



Tragi - Rafn Thorarinsen



Extra 1/3 - Rafn Thorarinsen



Fun Fly - Kristján Antonsson



Ultimate 1/3 - Skjöldur Sigurðsson



Sukoi - Guðmundur Jónsson



Twinstar - Rafn Thorarinsen



Mustang - Skjöldur Sigurðsson



Piper Cup 1/3 - Skjöldur Sigurðsson



Sophwind Pup 1/3 - Skjöldur Sigurðsson



Laiser - Kristján Antonsson



Pier Cup 1/4 - Sturla Snorrason



Stinger - Kristján Antonsson



# FLUGMENN, OG FLUGVÉLAR



Skybolt - Kristján Antonsson



Ultra Sport - Reynir Svavarsson



Ultra Sport - Guðjón Halldórsson



Fokker D7 - Richard Korn



Baby - Richard Korn



Messerschmith - Birgir Sigurðsson



Starduster - Birgir Sigurðsson



Cessna 180 - Birgir Sigurðsson



Piper Cup 1/4 - Pétur Hjálmarsson



G200 Fun Fly - Guðmundur G. Kristinsson



Magnum 60 - Guðmundur G. Kristinsson  
Einar Jóhannesson



Cap - Ágúst H. Bjarnason

# FLUGMENN, OG FLUGVÉLAR



F15 - Pétur Hjálmarsson



Calm 25 - Jón Pétursson



Supra Fly - Jón Pétursson



Laser - Pétur Hjálmarsson/Einar Jóh.



Tiger Moth - Björgúlfur Þorsteinsson